

L ö g

um

vitagjald af skipum.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi. Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru

1. gr.

Fyrir hvert það skip, að undanskildum herskipum og skemmtiskútum, er fer fram hjá Reykjanesi við Faxaflóa, og leggst í höfn einhverstaðar á Íslandi, skal greiða í vitagjald 20 aura fyrir hverja smálest (ton) af rúmmáli skipsins, ef það leitar hafnar í Faxaflóa milli Reykjaness og Öndverðarness, en 15 aura, ef það leggur til hafnar annarsstaðar á Íslandi, og er gjaldið hið sama, hvort heldur það fer fram hjá vitanum að eins aðra leiðina eða fram og aptur. Þó skulu öll íslensk fiskiskip vera undanþegin gjaldi þessu, þegar þau eru á fiskiveiðaferðum. Gjaldið skal greitt á þeirri höfn, er skipið kemur fyrst á eptir að það hefir siglt fram hjá vitanum. Ráðgjafi Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða við strendur Íslands.

2. gr.

Gjald þetta rennur í landssjóð, og skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans heimta það ásamt öðrum skipagjöldum gegn lögmætri kvittun. Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, varða 10—100 kr. sektum eptir málavöxtum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1880.

5. gr.

Með lögum þessum eru lög um vitagjald af skipum, dagsett 12. dag aprílm. 1878, úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. dag oktbrm. 1879.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

L o vNr. 20.
10de
Oktbr.

om

Fyrafgift af Skibe.

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For ethvert Skib, med Undtagelse af Drlogsstibe og Lystfartøjer, der passerer Nertjanæs ved Faxebugten og gaar i Havn et Steds paa Island, bør erlægges i Fyrafgift 20 Ore pr. Ton af Skibets Drægtighed, dersom Skibet anløber en Havn i Faxebugten mellem Nertjanæs og Dindverdarnæs, men 15 Ore, dersom det anløber en Havn et andet Sted paa Island, og bliver den samme Afgift at svare, hvad enten Skibet passerer Fyret kun paa den ene Rejse eller baade paa Frem- og Tilbagerejssen. Dog ere alle islandske Fiskefartøjer fritagne for bemeldte Afgift, medens de gaa paa Fiskeri. Afgiften erlægges i den Havn, Skibet først anløber efter at det har passeret Fyret. Ministeren for Island bemyndiges til at træffe Overenskomst med fremmede Magter om Erlæggelse af Fyrafgiften for de derfra til Fiskeri under Island udrustede Skibe.

§ 2.

Denne Afgift tilfalder Landskassen og bør Politimesteren eller hans Befuldmægtigede opkræve samme i Forening med andre Skibsafgifter imod Iodlig Kvittering. Skipperen er pligtig at forevise Skibsjournalen for Politimesteren eller hans Befuldmægtigede.

§ 3.

Overtredelser af Bestemmelserne i denne Lov straffes med Bøder af 10—100 Kr. efter Omstændighederne.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1880.

§ 5.

Bed denne Lov er Lov om Fyrafgift af Skibe, af 12te April 1878 ophævet.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10de Oktober 1879.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.